

## Starfsáætlun í menningar og ferðamálum 2014



Skipurit menningar- og ferðamála

Sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs: Kristján Sturluson

Skrifstofa menningar- og ferðamála: Marín Guðrún Hrafnisdóttir

Bókasafn Hafnarfjarðar: Anna Sigríður Einarsdóttir

Byggðasafn Hafnarfjarðar: Björn Pétursson

Hafnarborg: Ólöf K. Sigurðardóttir

Menningar- og ferðamálanefnd, desember 2013

Aðalmenn:

Dagbjört Gunnarsdóttir, formaður

Hlíf Ingibjörnsdóttir

Unnur Lára Bryde

Varmenn:

Guðbjartur Karl Reynisson

Halldóra Björk Jónsdóttir

Þorbjörn Rúnarsson

Stjórn Hafnarborgar, desember 2013

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir

Lúðvík Geirsson

Almar Grímsson

Áheyrnarfulltrúi: Marín Hrafnisdóttir

Listráð:  
Jónína Guðnadóttir  
Brynhildur Pálsdóttir  
Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir

Starfsmenn menningar- og ferðamála 2014  
Fjöldi stöðugilda: 21.5  
Stöðugildi eftir stofnunum:  
Bókasafn Hafnarfjarðar: 14  
Hafnarborg: 4.3  
Byggðasafn: 2.8  
Skrifstofa menningar- og ferðamála: 1

### **Menningar- og ferðamál**

Menningar- og ferðamál heyra undir Stjórnsýslusvið. Menningarstofnanir Hafnarfjarðarbæjar eru; Bókasafn Hafnarfjarðar, Byggðasafn Hafnarfjarðar, Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar og Skrifstofa menningar- og ferðamála. Að auki er upplýsingamiðstöð ferðamanna í Þjónustuveri og í Byggðasafni um helgar á sumrin.

### **Leiðarljós**

Lagt er kapp á að skapa hvetjandi umhverfi þar sem bæjarbúar fái notið lista, menningar og fróðleiks. Menningin verði þannig öflugt innlegg í jákvæða ímynd Hafnarfjarðar og sjálfsmynd bæjarbúa. Unnið verður með ferðaþjónustunni að kynningu á því sem bærinn hefur upp á að bjóða og að sameiginlegri markaðssetningu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu öllu í samræmi við Ferðamálastefnu bæjarins, sem samþykkt var í ársbyrjun 2013.

Árið 2014 hafa menningarstofnanir Hafnarfjarðarbæjar að markmiði:

- Að höfða til sem flestra og vera þannig mikilvægur þáttur í lífi bæjarbúa.
- Að brosa mót öllum gestum og gera heimsóknina ánægjulega og fræðandi.
- Að auka samstarf sín í milli og ná þannig fram hagræðingu og þekkingarauka.
- Að stuðla að betra menningarlæsi.
- Að starfsemin einkennist af fagmennsku, metnaði og sem bestri nýtingu fjármagns.
- Að hlúa að þeim verðmætum sem menningin og sagan eru þrátt fyrir þrengri stöðu í efnahagsmálum bæjarins og þjóðarinnar.
- Að nýta öll tækifæri til þess að kynna starfsemina sem best.
- Að leita nýrra tækifæra og úrlausna.

### **Samstarf þýðir bætt þjónusta**

Áfram verður lögð áhersla á markvisst samstarf menningarstofnana innan sem utan Hafnarfjarðarbæjar. Jafnframt er lögð áhersla á að starfsmenn sæki menningarviðburði og auki þannig víðsýni sína og faglega þekkingu. Menningarstofnanir munu leggja áherslu á samstarf við aðrar stofnanir, deildir, fjölmiðla og félög og leitast þannig við að ná sem bestum árangri í starfi og sýnileika.

## **Menningarstofnanir**

*Hafnarborg*, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar hefur fjölþætt menningarhlutverk. Þar er varðveitt listaverkæign bæjarins og staðið fyrir fjölbreyttum myndlistarsýningum. Stundaðar eru rannsóknir á safnkostinum og markviss miðlun í tengslum við allar sýningar. Á árinu 2014 er stefnt að útgáfu rits um list Eiríks Smith og verður þar með lokið rannsókn sem staðið hefur undanfarin sex ár. Reglulegt tónleikahald er í Hafnarborg auk annarra listviðburða. Á árinu 2014 verður lögð sérstök áhersla á að efla miðlun bæði með bættri aðstöðu fyrir börn og fjölskyldur innan veggja Hafnarborgar og með rafrænni miðlun listaverkæignarinnar í gegnum Sarp – veflægan gagnagrunn. Unnið verður að mikilvægum lagfæringum á geymslum safnsins.

Í *Bókasafni Hafnarfjarðar* er ávallt fjölbreyttur safnkostur og safnið veitir aðgang að nýjustu upplýsinga- og tölvutækni. Bókasafnið er þekkingar-, upplýsinga-, mennta- og menningarsetur Hafnarfjarðarbæjar og býður uppá mjög góð lesaðstöðu fyrir framhaldsskólanema. Þar er stærsta tónlistarsafn á landinu og öflugt barnastarf. Safnið flokkar og skráir jafnframt safnkost leik- og grunnskóla og fleiri stofnana Hafnarfjarðarbæjar. Góð þjónusta er við stærsta hóp nýbúa í Hafnarfirði. Pólsku- og rússneskumælandi bókavörður er í 50% starfi og er hann með sögustundir fyrir pólsk börn. Mikil aukning í innkaupum á pólskum bókum.

*Byggðasafn Hafnarfjarðar* safnar, varðveitir og rannsakar minjar um menningarsögu Hafnarfjarðar og kynnir þær almenningi með sýningum í öllum sex húsum safnsins auk ljósmyndasýninga á strandstígunum. Þá sér safnið um bæði húsa- og fornleifaskráningu í bæjarlandinu og er tengiliður bæjarins við Minjastofnun Íslands. Safnið er leiðandi í að varðveita og miðla sögu bæjarfélagsins.

*Skrifstofa menningar- og ferðamála* stendur fyrir fjölbreyttum viðburðum og hátíðum. Skrifstofan sér um styrkveitingar, samninga um menningar- og ferðamál og kynnir Hafnarfjarðarbæ fyrir gestum og gangandi. Vinabæjarsamskipti eru að auki hluti starfsemi Skrifstofunnar. Menningar- og ferðamálafulltrúi er starfsmaður menningar- og ferðamálanefndar, er ráðgefandi stjórnýslu sveitarfélagsins um menningar- og ferðamál og ber ábyrgð á framkvæmd og úthlutun menningarstyrkja, menningarsamninga og móttöku og umsjón erinda sem berast um menningar og ferðamál. Á árinu 2014 verður unnið að gerð samninga við Kvikmyndasafn Íslands, Gaflaraleikhúsið og Stjórn Reykjanessfólkvangs sem séð hefur um salerni og þjónustuhús við Seltún í Krýsuvík. Áfram verður unnið að bættum merkingum fyrir erlenda gesti og unnið í samræmi við Ferðamálastefnu Hafnarfjarðar og áætlun um merkingar fyrir erlenda gesti.

Meginmarkmið:

- Góðar og öflugar menningarstofnanir. Aðgangur ókeypis
- Að kynna Hafnarfjörð sem kjörinn áningarstað og laða að gesti
- Að efla lista- og menningarlíf
- Að varðveita menningararfinn og kynna vel
- Að skapa umhverfi sem orkar hvetjandi á list- og menningarsköpun
- Að veita upplýsingar og ráðgjöf
- Að veita ávallt góða þjónustu
- Að stuðla að góðri nýtingu fjármagns
- Að auka samstarf stofnana og kynna kosti þeirra fyrir bæjarbúum og gestum.

## ***Skrifstofa menningar- og ferðamála – starfsáætlun 2014***

Hlutverk Skrifstofu menningar- og ferðamála er margþætt. Hún stendur fyrir fjölbreyttum viðburðum og má þar helst nefna; Sumardaginn fyrsta, Bjarta daga, Sjómannadag og Jólaborpið. Þá markaðssetur Skrifstofan Hafnarfjarðarbæ sem áningarstað og kynnrir bæinn fyrir ferðamönnum og öðrum sem vilja vita hvað Hafnarfjörður hefur uppá að bjóða. Undir forstöðumann Skrifstofu menningar- og ferðamála heyra forstöðumenn menningarstofnana bæjarins, Byggðasafns, Hafnarborgar og Bókasafns. Forstöðumaður er Marín Hrafnisdóttir, menningar- og ferðamálafulltrúi. Skrifstofan er til húsa að Strandgötu 6.

Meginmarkmið:

- Að standa fyrir fjölbreyttum viðburðum.
- Að stuðla að samstarfi menningarstofnana.
- Að miðla upplýsingum til menningarstofnana.
- Að miðla upplýsingum um áherslur í starfi menningarstofnana, menningarframboð og ferðaþjónustu til stjórnarsýslunnar.
- Að tryggja að öll erindi og fyrirspurnir sem berast menningar- og ferðamálanefnd fái skjóta og faglega afgreiðslu.
- Að markaðssetja það sem Hafnarfjörður hefur upp á að bjóða í menningu, ferðaþjónustu, útivist og afþreyingu.
- Að vinna með ferðaþjónustuaðilum að framgangi í ferðamálum og samkvæmt Ferðamálastefnu.
- Að veita upplýsingar og ráðgjöf.
- Að veita ávallt góða þjónustu.
- Að stuðla að góðri nýtingu fjármagns.
- Að stuðla að starfsánægju og að allir fái notið sín í vinnu.

### **Helstu verkefni 2013**

#### **Viðburðir**

Árlegir viðburðir eru Safnanótt, Dagur Ferðaþjónustunnar í Hafnarfirði, Sumardagurinn fyrsti, Bjartir dagar, Sjómannadagur og Jólaborpið. Farið verður yfir alla viðburði í upphafi árs ásamt menningar- og ferðamálanefnd og unnið að endurskoðun viðburða.



Söfnin í Hafnarfirði tóku í fyrsta skipti þátt í Safnanótt 2010 og var það að tilstuðlan markaðssamstarfs á höfuðborgarsvæðinu. Safnanótt verður haldin 8. febrúar 2014 og þá er mikið um dýrðir í öllum söfnum á höfuðborgarsvæðinu. Söfnin í Hafnarfirði bjóða uppá dagskrá til miðnættis.

Í Ferðamálastefnu Hafnarfjarðarbæjar, samráð og samvinna (2013) var eitt verkefnið *Dagur ferðaþjónustunnar í Hafnarfirði* og var hann haldinn í fyrsta skiptið í mars 2013. Stefnt er að því að halda þennan viðburð í marsmánuði 2014 í samstarfi við ferðaþjónustufyrirtækin í Hafnarfirði.



**Sumardagurinn fyrsti** er unnin í samstarfi við Skátafélagið Hraunbúa og hefur félagið séð um skemmtidagskrá á Thorsplani ásamt skrúðgöngu sem fer frá Hafnarfjarðarkirkju. Þá hefur myndast sú hefð að fagna sumri með hinu vinsæla víðavangshlaupi Hafnarfjarðar.

Lista- og menningarhátíðin Bjartir dagar verða endurskoðaðir í upphafi árs en tímasetning hátíðarinnar hefur verið til umræðu. Hátíðin er að jafnaði haldin í kringum Sjómannadaginn í Hafnarfirði og má segja að Björtum dögum ljúki þegar hátíðarhöld Sjómannadags taka við. Á Björtum dögum er lögð áhersla á að sem flestir skapi hátíðina og taka skólar, leikskólar, veitingahús og verslanir þátt auk hinna mörgu listamanna og menningarstofnana sem fylla bæinn lífi og list á þessum bjartasta tíma ársins. Sjómannadagurinn er ávallt fyrsta sunnudag í júnímánuði og er hann haldinn hátíðlegur í Hafnarfirði. Sjómannadagurinn er samvinnuverkefni Skrifstofu menningar- og ferðamála, Hafnarfjarðarhafnar og Björgunarsveitar Hafnarfjarðar.



Jólaborpið er stærsti einstaki viðburðurinn sem Skrifstofa menningar- og ferðamála skipuleggur. Þorpið hefur risið á aðventunni á hverju ári frá 2003 og er nú orðinn ómissandi þáttur í jólahátíð Hafnfirðinga og annarra landsmanna. Þorpið samanstendur af fagurlega skreyttum jólahúsum þar sem boðið er uppá handverk, hönnun, heimabakaðar kökur,



**Jólaborpið**  
**Hafnarfirði**

heimagerð jólakort, konfekt, sultur og annað góðgæti, handmáluð kerti, jólakúlur, myndlist, skartgripir og að sjálfsögðu kakó og vöffur. Fjölbreytt skemmtidagskrá er á sviðinu alla opnunardaga. Margir leggja hönd á plóg og er Jólaborpið unnið í samvinnu við Þjónustumiðstöð Hafnarfjarðar, leik- og grunnskóla Hafnarfjarðar og við kaupmenn í miðbænum og Firði. Einnig veitir Jólaborpið mörgum félagasamtökum í Hafnarfirði tækifæri til fjáröflunar.

**Víkingahátíð Fjörukrárinna.** Á hverju ári stendur Fjörukráin fyrir veglegri víkingahátíð. Hafnarfjarðarbær kemur ekki að rekstri hátíðarinnar eða undirbúningi en hefur styrkt verkefnið og starfsmaður Skrifstofu menningar- og ferðamála aðstoðar við að tilskilin leyfi séu fyrir hendi. Hátíðin setur sterkan svip á bæjarlífið og hefur borið hróður Hafnarfjarðar víða.

### **Minni viðburðir og óvæntir**

Skrifstofa menningar- og ferðamála sér einnig um samskipti vegna minni menningarviðburða svo sem tónleika eða viðburða á Thorsplani og Hellisgerði. Á árinu 2014 auglýsir menningar- og ferðamálanefnd eftir umsóknum um styrki til verkefna og viðburða á sviði menningar og lista.

### **Menningarstyrkir**

Menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðarbæjar auglýsir einu sinnu á ári eftir styrkjum til menningarstarfsemi til eflingar hafnfirsku menningarlífi. Markmiðið er að styðja við menningarstarfsemi í samræmi við menningarstefnu Hafnarfjarðarbæjar og styrkja einstaklinga og félagasamtök til lista- og menningarsköpunar. Þá mun nefndin í samstarfi við stjórn Hafnarborgar útnefna bæjarlistamann Hafnarfjarðar og veita hvatningarstyrki til listamanna.

### **Samningar**

Í upphafi árs 2014 verður unnið að samningum við Kvikmyndasafn Íslands og Gaflaraleikhúsið. Þá verður einnig unnið að gerð samstarfssamnings Gaflaraleikhússins og leikfélags Hafnarfjarðar er lýtur að því að Leikfélag Hafnarfjarðar geti nýtt húsnæði Gaflaraleikhússins.

## Merkingar og markaðssetning

Unnið verður almennt að ferða- og kynningarmálum í samstarfi við ferðaþjónustuna í bænum. Brýnustu verkefni eru merkingar (unnið skv. áætlun um merkingar 2013-2015), ný könnun á fjölda ferðamanna, samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og útgáfa og kynning. Lögð verður áhersla á upplýsingagjöf til ferðamanna í gegnum vefinn [visithafnarfjordur.is](http://visithafnarfjordur.is) sem býður upp á fjölbreytta möguleika.

Unnið verður að fallega teiknuðu korti af miðbænum sem Borgarmynd hannar og auglýsingar og útgáfa ársins 2014 byggð að tölverðu leiti út frá því korti. Sett verða upp tvö ný skilti, við tjaldstæðið á Víðistaðatúni og við Hótel Hafnarfjörð og nýjar filmur í skiltin við Bókasafnið, Fjörúkrá og í Firði, verslunarmiðstöð. Þá verður Ratleikur Hafnarfjarðar gefinn út, eins og síðustu ár.

Samstarf sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu í markaðsmálum er við lýði og áfram verður unnið að og leitað lausna í því að kynna Hafnarfjörð sem víðast og best í gegnum samstarfið og á vettvangi Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins, en þar á sæti í stjórn menningar- og ferðamálafulltrúi.

**Skemmtiferðaskip.** Hafnarfjörður verður kynntur sem heppilegur áningarstaður fyrir skemmtiferðaskip í samstarfi við Hafnarfjarðarhöfn sem hefur haft veg og vanda að því að auka komur skemmtiferðaskipa til Hafnarfjarðar.

**Bætt þjónusta við gesti Seltúns í Krýsuvík.** Skrifstofa menningar- og ferðamála hefur umsjón með samningi sem gerður var árið 2010 við Reykjanesfólkvang um rekstur á salernum og þjónustuhúsi við Seltún í Krýsuvík. Samningurinn var endurnýjaður til eins árs 2012. Á árinu 2014 verður kannað með hvaða hætti best verði staðið að því að taka á móti þeim fjölda ferðamanna sem sækir Seltún í Krýsuvík heim í samráði við Reykjanesfólkvang. Á árinu 2014 mun deiliskipulag svæðisins liggja fyrir.

**Ferðamálastefna.** Í upphafi árs 2013 var Ferðamálastefna Hafnarfjarðabæjar samþykkt. Yfirskrift stefnunnar er *samráð og samvinna*, enda tveir lykilþættir í því markmiði að fjölga ferðamönnum í Hafnarfirði og stuðla að jákvæðri og góðri upplifun. Hlutverk sveitarfélags í uppbyggingu ferðaþjónustu er að búa fyrirtækjum góð starfsskilyrði og byggja upp ákveðna innviði. Í því skyni má nefna merkingar, upplýsingagjöf og aðstoð við sprotafyrirtæki. Einnig er mikilvægt að sinna verkefnum sveitarfélaga s.s. útivistarsvæðum, söfnum, íþróttamannvirkjum, viðburðum, náttúru-, umhverfis-, og minjavernd. Þessir þættir gegna allir mikilvægu hlutverki í því að laða að ferðamenn og gesti. Það er markmið og verkefni bæjaryfirvalda og ferðaþjónustunnar í Hafnarfirði að kynna og hlúa að Hafnarfirði sem spennandi áfangastaðar í alfaraleið. Hafnarfjörður hefur alla burði til þess að fá til sín fleiri ferðamenn og gesti og mun sú aukning skila sér í blómlegri og fjölbreyttari þjónustu og afþreyingu. Lögð er rík áhersla á að viðhalda og efla jákvæða ímynd Hafnarfjarðar sem ferðamannabæjar.

## ***Byggðasafn Hafnarfjarðar - starfsáætlun***



Byggðasafn Hafnarfjarðar starfar í almannabágu og er ekki rekið í hagnaðarskyni. Það starfar samkvæmt gildandi lögum um söfn, safnalögum og lögum um menningarminjar. Það er opið almenningi á auglýstum tímum og skal auk þess kynnt nemendum allra skólastiga í samráði við skólafyrirvöld.

Helstu verkefni safnsins eru að byggja upp, skrá og varðveita góðan safnkost muna og ljósmynda sem varpa ljósi á sögu og menningu svæðisins samkvæmt söfnunarstefnu þess. Að miðla menningu og sögu bæjarfélagsins, meðal annars með sýningahaldi og fyrirlestrum eða með öðrum þeim hætti sem henta þykir og fjárhagsáætlun safnsins gerir kleift hverju sinni. Safnið sér um skráningu og verndun fornleifa og annarra söguminja á svæðinu í samráði og samvinnu við Minjastofnun Íslands. Þá skal safnið í samvinnu við sömu stofnun gangast fyrir nákvæmri skráningu þeirra mannvirkja á starfssvæðinu sem af byggingar- eða menningarsögulegum ástæðum hafa varðveislugildi en skráning forleifa og húsa er ein af forsendum skipulagsvinnu á vegum bæjarfélagsins.

### **Meginmarkmið**

Meginmarkmið Byggðasafns Hafnarfjarðar á árinu 2014 er að sinna hlutverki sínu og veita þá þjónustu sem til er ætlast af stofnuninni svo sómi sé að. Lögum er lúta að minjavörslunni og safnastarfsemi sé framfylgt í hvívetna og að rekstur safnsins sé innan fjárheimilda ársins.

### **Helstu verkefni 2014**

Helstu verkefni safnsins á árinu 2014 eru á sviði miðlunar, rannsókna og varðveislu. Fornleifa- og húsaskráningar verða unnar í nánú sambandi við skipulags- og byggingasvið bæjarins og framkvæmdasvið. Ennfremur verður unnið úr tilfallandi fyrirspurnum og mati er varðar byggingararf bæjarins og fornleifar í landi hans. Þá verður unnið að flokkun, skönnun og skráningu á ljósmyndasafni Byggðasafnsins. Haldið verður áfram rannsóknum, skráningu og varðveislu á safnkosti safnsins, munir rannsakaðir, flokkaðir, ljósmyndaðir og skráðir í gagnarunninn Sarp. Samhliða því verður unnið að frágangi safnkosts á lager safnsins við Hringhelli. Á árinu verður unnið að því að gera stóran hluta ljósmyndasafnsins aðgengilegan á veraldarvefnum þegar gögn verða flutt úr skráningaforritinu Mynddísí yfir í Sarp og Sarpur tengdur inn á nýja heimasíðu safnsins.

Miðlunarhlutverki safnsins verður sinnt með sýningahaldi, leiðsögnum og móttöku skólalópa, fyrirlestrum og sögugöngum. Einnig er stefnt að því að halda Hansa-hátíð á haustmánuðum auk þess sem nýjar sýningar verða settar upp í forsal Pakkhússins og á

Strandstígnum, ef fjárhagur leyfir, auk þess sem fastasýningarnar sex verða uppfærðar að vissu marki og endurnýjaðar.

Þá er safnið þátttakandi í Grundtvig verkefni menntaáætlunar Evrópusambandsins ásamt söfnum og stofnunum í Svíþjóð, Þýskalandi, Belgíu, Póllandi og Finnlandi. Verkefnið ber nafnið „A Place and its Story“ og hér á landi mun það snúa að skrásetningu saltfiskreitanna í Hafnarfirði og sögu fólksins sem þar starfaði. Verkefnið hófst haustið 2013 og mun ljúka á vormánuðum 2015 en megin vinnan verður unnin á árinu 2014.

	2009	2010	2011	2012	2013
<b>Byggðasafn</b>					
Fjöldi gesta	22.471	19.554	20.414	20.940	22.134
Fjöldi sýninga	11	12	11	10	8
Fjöldi fyrirlestra, söguganga	7	1	1	0	5



# *Bókasafn Hafnarfjarðar- starfsáætlun 2014*




**Strandgötu 1  
220 Hafnarfirði  
Sími 585 5690  
bocasafn@hafnarfjordur.is  
www.bocasafnhafnarfjardar.is**



## **Efnisyfirlit**

<b>Efnisyfirlit .....</b>	<b>2</b>
<b>Stefnukort .....</b>	<b>3</b>
<b>Útlistun á stefnukorti .....</b>	<b>4</b>
<b>Leiðarljós .....</b>	<b>5</b>

<b>Hlutverk.....</b>	<b>5</b>
<b>Meginmarkmið.....</b>	<b>5</b>
<b>Þjónusta.....</b>	<b>5</b>
<b>Fjármál .....</b>	<b>6</b>
<b>Ferli .....</b>	<b>6</b>
<b>Mannauður.....</b>	<b>6</b>
<b>Fjárhagsáætlun .....</b>	<b>7</b>
<b>Helstu verkefni .....</b>	<b>8</b>
<b>Önnur sérverkefni .....</b>	<b>8</b>
<b>Framkvæmd sérverkefna 2010 .....</b>	<b>8</b>
<b>Hagræðing og sparnaður.....</b>	<b>9</b>
<b>Viðburðadagatal .....</b>	<b>11</b>
<b>Mælikvarðablað.....</b>	<b>12</b>
<b>Tímaáætlun verkefna .....</b>	<b>13</b>



# Útlistun á stefnukorti Bókasafns Hafnarfjarðar

## Þjónusta – Hvernig við veitum bæjarbúum sem besta þjónustu

**Menningar- og menntastofnun með jákvæða ímynd:** Fylgjast með og tileinka sér nýjungar á sviði upplýsinga- og bókasafnsþjónustu með jákvæðri, markvissri og öflugri þjónustu.

**Aukin og betri þjónusta, ánægðir bæjarbúar:** Aðgengilegt öllum bæjarbúum, lifandi í hugskoti íbúanna sem fjölbreytt menningar- og upplýsingastofnun og hluti af daglegu lífi bæjarbúa.

**Fjölgun viðskiptavina:** Veita góða og faglega þjónustu og bjóða upp á fjölbreyttan safnkost og hagnýtar upplýsingar.

## Fjármál – Hvernig tryggjum við góða nýtingu fjármuna skattgreiðenda

**Hagsýni í rekstri, auka sjálfsaflafé:** Skilvirkari innheimta m.a. með því að senda rukkanir í tölvupósti og skilaboð með SMS. Innheimta eldri vanskil bréflega.

**Rekstur innan setts ramma:** Traust fjármálastjórnun, reglulegt kostnaðareftirlit og starfa innan ramma fjárhagsáætlunar.

## Ferli – Hvernig stuðlum við að árangursríkri og hagkvæmari starfsemi

**Stöðugar umbætur:** Fylgjast með nýjungum s.s. með virkri þátttöku í símenntun í faginu, ráðstefnum og tengslum við bókasöfn innanlands sem erlendis.

**Starfsmannahandbók:** Markvissar starfsáætlanir og stöðugar umbætur. Nákvæmni í vinnubrögðum og reglulegt endurmat til að tryggja skilvirka þjónustu.

**Virkar boðleiðir – Intranet bókasafns:** Tryggja starfsmönnum gott aðgengi að upplýsingum m.a. með upplýsingum jafnóðum á innra neti bókasafnsins og útbúa starfsmannahandbók á pappírsmáli til að skerpa reglurnar og yfirfara þær reglulega. Útbúa flæðirit með skýrum verkferlum.

**Samstarf almenningsbókasafna:** Þátttaka í þróunarstarfi m.a. með samstarfi almenningsbókasafna á landsvísu og gott upplýsingastreymi og samstarf sviða.

**Nýta sérþekkingu starfsmanna:** Þjálfa starfsmenn í samræmi við símenntunaráætlun bókasafnsins og nýta mannauð innan stofnunar.

**Virk heimasíða og bæklingagerð:** Uppfæra heimasíðu reglulega og viðhalda bæklingagerð fyrir viðskiptavinum. Bókasafnið virkt á Facebook og Twitter.

## Mannauður – Hvernig við vinnum saman, eigum samskipti og þróumst í starfi

**Starfshvatning og starfsánægja:** Stuðla að því að starfsmenn séu ánægðir í starfi, jafnræðis og jafnréttis sé gætt. Auka færni og starfsánægju.

**Starfsmannasamtöl og starfsmannafundir:** Hafa árlega starfsmannaviðtöl. Halda reglulega starfsmannafundi.

**Heilindi, traust og ábyrgð:** Leggja áherslu á heilindi, traust og ábyrgð í starfi gagnvart viðskiptavinum og samstarfsmönnum.

**Markviss símenntun og starfsþróun:** Markviss símenntunaráætlun og eftirfylgni. Stuðla að starfsþróun.

**Áhersla á fagmennsku:** Allir starfsmenn temji sér fagmennsku í starfi.

## Leiðarljós

Bókasafn Hafnarfjarðar er þekkingar- og menningarsetir Hafnarfjarðarbæjar. Það er enn fremur unaðsreitur, upplýsingaveita, varðveislustaður, athvarf námsmanna og nafli samfélagsins.

## Hlutverk

Bókasafn Hafnarfjarðar er upplýsinga- og menningarstofnun sem starfar samkvæmt lögum um almenningsbókasöfn. Safnið er rekið í samræmi við stefnu, samþykktir og menningarstefnu Hafnarfjarðarbæjar. Út frá þeim hafa verið sett fram eftirfarandi markmið:

## Meginmarkmið

- Bókasafn Hafnarfjarðar skal vera aðgengilegt öllum bæjarbúum, sem fjölbreytt menningar- og upplýsingastofnun og sé hluti af daglegu lífi bæjarbúa.
- Safnkostur og þjónusta uppfylli óskir og þarfir viðskiptavina og þeir hafi góðan aðgang að fjölbreyttum safnkosti til aukinnar þekkingar, þroska og afþreyingar.
- Starfsemi Bókasafns Hafnarfjarðar einkennist af víðsýni og virðingu gagnvart fólki af ólíkum uppruna og stöðu.
- Að efla skilning á mikilvægi þess að lesa fyrir börn og að heimsóknir í Bókasafn Hafnarfjarðar séu hluti af menningaruppeldi barna og unglinga.
- Veki og efla lestrarlöngun allra aldurshópa og standi vörð um íslenska tungu og styðji við símenntun.
- Bæti tölvulæsi og auðveldi aðgang að upplýsingum á Netinu.
- Starfsfólk tileinki sér nýjungar á sviði bókasafns- og upplýsingaþjónustu og bókasafnið sé í framvarðasveit almenningsbókasafna með jákvæðri, markvissri og öflugri þjónustu.

## Þjónusta

Starfsfólk Bókasafns Hafnarfjarðar leitast við að veita góða og faglega þjónustu og bjóða almenningi fjölbreyttan safnkost og hagnýtar upplýsingar og stuðla þannig að símenntun og uppbyggilegri afþreyingu.

- Veita hafnfirskum framhaldsskólanemum aðstöðu til náms.
- Viðhalda tónlistardeild bókasafnsins, Friðriksdeild, og halda áfram að reka stærstu tónlistardeild á Íslandi fyrir almenning.
- Veita grunn- og leikskólum Hafnarfjarðar þjónustu og taka á móti grunn- og leikskólahópum.
- Sinna heimþjónustu eins og kostur er.
- Efla Milli-Reykjasamstarfið sem er samstarf fjögurra almenningsbókasafna í nágrennasveitarfélögum Álftanesi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

## Fjármál

- Traust fjármálastjórnun, hagsýni í rekstri, reglulegt kostnaðareftirlit og starfa innan ramma fjárhagsáætlunar.
- Aukið sjálfsaflafé sem fæst með skilvirkari innheimtu.

## Ferli

- Markvissar starfsáætlanir og stöðugar umbætur.
- Aukin útlán, skýrir verkferlar. Reglulegt endurmat til að tryggja skilvirka þjónustu.
- Heimasíða, Facebook, Twitter og bæklingagerð.
- Gott upplýsingastreymi og samstarf sviða.
- Tryggja starfsmönnum gott aðgengi að upplýsingum m.a. með upplýsingum jafnóðum á innra neti bókasafnsins og uppfæra starfsmannahandbók.
- Þjálfa starfsmenn í samræmi við símenntunaráætlun í Gegni, tölvukerfi bókasafna.
- Þátttaka í þróunarstarfi m.a. með samstarfi almenningsbókasafna á landsvísu og halda áfram virkri símenntunaráætlun og samstarfi með þremur öðrum nágrannasöfnum til að halda kostnaði niðri í símenntun.

## Mannauður

- Auka færni og starfsánægju.
- Nýta mannauð innan stofnunar.
- Markviss símenntunaráætlun og eftirfylgni.
- Stuðla að því að starfsmenn séu ánægðir í starfi og jafnræðis og jafnréttis sé gætt.
- Hafa árlega starfsmannaviðtöl.
- Halda reglulega starfsmannafundi.
- Fylgja því eftir að allir starfsmenn kynni sér starfsáætlun Bókasafns Hafnarfjarðar, leiðarljós menningarstarfs í Hafnarfirði og framtíðarsýn Hafnarfjarðarbæjar og starfi samkvæmt þeim.



Á barnadeild 2012

Þessir liðir verða uppfærðir í febrúar 2014

## Fjárhagsáætlun 2013 (verður uppfært í febrúar 2014)

Gjöld _____	kr. 132.904.371
Tekjur _____	kr. -15.750.000,-
Styrkir og bætur _____	kr. -4.212.371,-
Rekstrarframlag Hafnarfjarðarbæjar samtals: _____	kr. 112.942.000,-

## Skipting þjónustuliða (verður uppfært í febrúar 2014)

Laun _____	kr. 76.787.000,-
Vörukaup _____	kr. 16.087.000,-
Þjónustukaup _____	kr. 35.718.000,-
Millifærslur _____	kr. 0,-
Fjármagnsgjöld _____	kr. 100.000,-
Tekjur _____	kr. -15.750.000,-
Styrkir og bætur _____	kr. -4.212.371,-
Rekstrarframlag Hafnarfjarðarbæjar samtals: _____	kr. 112.942.000,-

Starfsmenn Bókasafns Hafnarfjarðar munu hafa nýtni og sparsemi að leiðarljósi.



Skólaheimsókn á bókasafnið 2012

## Helstu verkefni 2014 fyrir utan hefðbundin störf

**Tónlistarskráning, hljómplötur, bækur, DVD.** Frumskrá og prófarkarlesa tónlistarskráningu í Gegni á bókum og hljómplötum og tengja við færslur annarra bókasafna í Gegni, yfirfara þær og lagfæra.

**Átthagadeild bókasafnsins,** flokka og skrá í Gegni.

**Forðatengja tímarit** bókasafnsins í Gegni.

**Úrvinnsla bóka** (flokun og skráning) úr dánarbúi Guðjóns Sigurðssonar.

Skipuleggja og framfylgja **árlegum þrifum og fínroðun á öllum hillum** á þeim svæðum sem viðskiptavinir hafa aðgang að.

## Önnur sérverkefni

**Lögð verður áhersla á heimasíðuna** og hún uppfærð reglulega. Nota facebook og twitter til að vekja athygli á Bókasafni Hafnarfjarðar.

**Starfsmannaviðtöl,** lokið fyrir apríllök.

**Símenntun / starfsþróun starfsfólks** og viðhalda framsækinni starfsmannastefnu.

**Þróa samvinnu nágrannabókasafnanna í Garðabæ, Álftanesi og Kópavogi** og gera starfsmönnum kleift að fara í skiptivinnu til annarra almenningsbókasafna, auka kynni og tengsl.

**Flokkun og skráning nýrra safngagna skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og Hafnarborgar í Gegni.** Leitast verður við að sinna grunn- og leikskólum eftir því sem tími vinnst til.

**Uppákomur, sýningar o.fl.** Lögð verður áhersla á að efla þemasýningar innanhúss á safnkosti bókasafnsins og ýmsar aðrar ókeypis sýningar s. s. í tengslum við skóla Hafnarfjarðarbæjar og Goethe-Institut í Kaupmannahöfn.

## Framkvæmd sérverkefna 2013

Helstu sérverkefni ársins 2013

stóðust öll nema tvö.

Ekki náðist að uppfæra útlit og skipulag á vefsíðum bókasafnsins; beðið er eftir nýju vefumsjónarkerfi frá tölvudeild Hafnarfjarðarbæjar. Því fór þessi liður í biðstöðu.

Ekki hefur enn verið samin stefna varðandi umgengni starfsfólks við samskiptavefi.



St. Martinsdagur á bókasafninu 2011



1. **Yfirvinna 05 211 1121.** Af þessum lið hefur bókasafnið sparað nokkrar milljónir undanfarin ár. Það hefur verið gert með þeim hætti að starfsmönnum var boðið að taka yfirvinnu út í fríi yfir vetrarmánuðina og hafa mjög margir þáð það.
2. **Sími 05 211 4011.** Í stað þess að hringja út pantanir er sendur tölvupóstur og frítt SMS, þegar því verður við komið. Keyptur var farsími til þess að spara með því að hringja úr farsíma í farsíma sem er mun ódýrara en að hringja úr heimasíma í farsíma og öfugt.
3. **Póstburðargjöld 05 211 4912** Í stað þess að senda öllum bréf þegar rukka þarf safngögn er sendur tölvupóstur til þeirra sem hægt er. Starfsmenn reyna að vera vakandi í afgreiðslu og spyrja viðskiptavini um netföng þeirra og eins hvort netfangið sé rétt í tölvunni hjá okkur. Á þennan hátt hefur sparast töluvert.
4. **Pappír 05 211 2011. Endurnýting pappírs.** Flest öll A4 blöð sem hægt er að nýta aftur eru endurnýtt. Einn prentarinn á vinnusvæðinu er einungis með blöðum sem búið er að nota áður. Notaður pappír er jafnframt notaður sem krassblöð.
5. **Rent a prent 05 211 2034.** Dregið hefur verið úr bæklingagerð og starfsmenn beðnir að lágmarka ljósritunarnotkun.
6. **Umslög 05 211 2011.** Öll bólstruð umslög sem berast á bókasafnið eru endurnýtt. Við höfum ekki þurft að kaupa umbúðir (bólstruð umslög) utan um bækur sem við þurfum að senda í mörg ár.
7. **Pappír 05 211 2011.** Árum saman hefur bókasafnið fengið notaðar bréfa-klemmur og plasthulstur frá bókhaldinu til þess að þurfa ekki að kaupa það sem liggur annarsstaðar ónotað í kerfinu.
8. **Rafmagn 05 211 2511.** Starfsmenn eru orðnir mjög meðvitaðir um rafmagnsnotkun á bókasafninu. Ekki er kveikt á eins mörgum ljósum og áður: Nokkrir starfsmenn nota borðlampa með einni peru í stað þess að nota 16 perur í loftljósi. Ljós á vinnusvæði eru strax slökkt eftir notkun og einungis kveikt þar sem nauðsyn krefur. Við höfum sett okkur í samband við Orkusetrið og fáum fljótlega mann á þeirra vegum (okkur að kostnaðarlausu) til að gefa okkur góð ráð í sambandi við orkusparnað á vinnustað sem okkar. Á kvöldin eru rafmagnstæki tekin úr sambandi þar sem því verður við komið.
9. **Heitt vatn 05 211 2511.** Starfsmenn reyna að passa hitanotkun á safninu. T.d. með því að hækka smám saman ofnana, stilla útidyrhurðina þannig að hún opnast ekki að fullu heldur aðeins minna til að kuldinn utan frá verði sem minnstur.
10. **Ræsting 05 211 4950.** Starfsmenn sjá sjálfir um árleg þrif á öllum hillum á bókasafninu (hjá mörgum bókasöfnum er þetta hluti af uppmælingu).
11. **Bæjarvinna 05 211 4982.** Starfsmenn sjá sjálfir um að setja upp allan bókasafnsbúnað á bókasafninu. Mikið er um breytingar og oft þarf að taka niður hillur og setja upp annars staðar. Nokkrir starfsmenn eru búnir að þjálfra sig í uppsetningu búnaðarins og er því fljótlega og kostnaðarminna að starfsmenn geri þetta sjálfir.
12. **Kaffikostnaður 05 211 1906.** Vatnskaupum var hætt árið 2010. Í staðinn höfum við vatnskönnur í ísskáp.
13. **Safnkostur 05 211 20...** Árlega tekur Bókasafn Hafnarfjarðar á móti fjölda af gefins safngögnum frá velunnurum safnsins. Bókasafnið notar þessi safngögn til að endurnýja safnkostinn, skipta út lúnum eintökum fyrir eintök sem eru lítið notuð og einnig bætast oft við titlar sem safnið hefur ekki átt fyrir eða hafa glatast/skemmst í tímans rás. Þetta sparar að við þurfum ekki að kaupa eins mikið upp í skörð sem hafa myndast í safnkostinum. Hluti af þessum safngögnum er síðan sendur til grunn- og framhaldsskóla Hafnarfjarðar. Við sendum út lista yfir þær gjafabækur sem við teljum geta komið þeim að gagni og velja þá bókasafnsfræðingar viðkomandi grunnskóla úr það sem þeim hentar. Aðrar bækur eru síðan seldar á vægu verði til safngesta.
14. **Auglýsingar 05 211 4913.** Bókasafnið hefur yfirleitt ekki haft fjárveitingu til auglýsinga. Því reynum við eftir megni að auglýsa bókasafnið með nýjustu miðlum s.s. á heimasíðu bókasafnsins, Twitter, Facebook og gegnum tölvupósta. Heimagerðir dreifimiðar og bókamarki hafa jafnframt reynst okkur mjög vel.

15. **Þjónustugjöld vegna lyftu 05 211 4972.** Bókasafnið hefur iðulega getað sparað útkall vegna lyftustoppa þar sem einn starfsmaðurinn hefur sérhæft sig í að lagfæra minni háttar stopp. Eitt útkall kostar okkur yfirleitt a.m.k. kr. 35.000,- ætla má að sex sinnum á ári spörum við þessa upphæð með því að reyna að laga lyftuna sjálf.
16. **Verkkaup 05 211 4970.** Bókasafnið hefur undanfarin 25 ár tvívegis greitt fyrir utanaðkomandi þjónustu í sambandi við hönnun og prentun á auglýsinga/kynningabæklingi fyrir bókasafnið. Sérþekking starfsmanna er nýtt við að hanna og útbúa bæklinga, auglýsingar, tilkynningar og þess háttar svo eitthvað sé nefnt. Símenntun/starfsþróun starfsmanna hefur þróast í þá átt að þekkingarstjórnun er beitt að vissu marki. Leitað er að sérhæfileikum starfsmanna sem eru síðan nýttir starfsemi til framdráttar og sparnaðar. Leitast er við að ýta undir sérkunnáttu þeirra með því að nota símenntunina til að þróa mismunandi sérþekkingu innan starfseminnar. Allir starfsmenn bókasafnsins hafa sérhæft sig á einhverju sviði starfseminnar. Nýju hillumerkingar bókasafnsins (gaflmerkingar) eru hannaðar af starfsmönnum. Þetta eykur ljósritunarkostnað en sparar auglýsingaþjónustu- og prentkostnað.
17. **Safnkostur 05 211 20.** Stórbætt þjónusta viðskiptavina Bókasafns Hafnarfjarðar hófst með samvinnu almenningsbókasafnanna í Hafnarfirði, Álftanesi, Garðabæ og Kópavogi árið 2005. Viðskiptavinir okkar geta nýtt sér safnkost allra þessara bókasafna sér að kostnaðarlausu. Viðskiptavinir okkar geta fengið lánuð safngögn í þessum bókasöfnum út á okkar skírteini og öfugt. Með þessu móti eykst aðgengi Hafnfirðinga að safnkosti bókasafna um meira en helming. Biðtími eftir bókum sem eru í útláni hjá okkur en inni á einhverju hinna safnanna verður enginn. Við sjáum í Gegni hvar tiltekin bók er inni og vísun fólki á það bókasafn. Viðskipavinir eru mjög ánægðir með þessa auknu þjónustu sem kostar ekkert nema smá aukavinnu fyrir starfsmennina. Auk þess uppgötva viðskiptavinir t.d. tónlistardeildina hjá okkur og margir hverjir gera okkar safn að "sínu safni" sem hefur í för með sér auknar tekjur hjá okkur og utanbæjarmenn koma í bæinn og lífga hann upp.
18. **Símenntun/starfsþróun 05 211 4922.** Samnýting símenntunar er á milli ofangreindra bókasafna. Einu sinni á ári er hvert bókasafnið með námskeið/fyrirlestur/kennslu varðandi almenningsbókasöfn, þjónustu o.þ.h. og býður þá hinum söfnunum á símenntunina og fáum við því fjögur námskeið/fyrirlestra en greiðum fyrir eitt. Við köllum þetta fjórir fyrir einn.
19. **Laun 05 211 1** Auk ofangreindra atriða hefur aðsókn á bókasafnið aukist um 26% - síðan 2007 sem hefur í för með sér að 26% meira álag er á starfsmennina sem var þó mikið fyrir.

## Viðburðadagatal Bókasafns Hafnarfjarðar

<b>Janúar</b>	Íslensku bókmenntaverðlaunin, sýning í sambandi við þau. Ýmsar smásýningar innanhúss.
<b>Febrúar</b>	Safnanótt. Ýmsar smásýningar innanhúss.
<b>Mars</b>	Ýmsar smásýningar innanhúss.
<b>Apríl</b>	Vika bókarinnar og bókaverðlaun barnanna. Ýmsar smásýningar innanhúss.
<b>Mái</b>	Ýmsar smásýningar innanhúss.
<b>Júní</b>	Bjartir dagar: Brúðubíll fyrir börn á leikskólaaldri, Sumarlestur barna.
<b>Júlí</b>	Sumarlestur barna. Ýmsar smásýningar innanhúss.
<b>Ágúst</b>	Sumarlestur barna. Ýmsar smásýningar innanhúss.
<b>September</b>	Vika símenntunar. Ýmsar smásýningar innanhúss.
<b>Október</b>	Bangsadagurinn. 27. október er haldið upp á alþjóðlega bangsadaginn. Ýmsar smásýningar innanhúss.
<b>Nóvember</b>	St. Martinsdagur kringum 14. nóvember. Kynstrin öll. Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember. Norræna bókasafnavikan er um miðjan nóvember. Ýmsar smásýningar innanhúss.
<b>Desember</b>	Hápunktur jólabókaflóðsins. Ýmsar smásýningar innanhúss.

**Allt árið:** Sögustundir barna, leikskóla- og grunnskólakynningar. Þrjú þýskunámskeið fyrir börn á laugardögum. Mánaðarlega eru einstaka höfundar kynntir með ústillingum og það sem er efst á baugi hverju sinni. Ýmsar myndlistasýningar og sýningar í glerskápnum. Bók dagsins kynnt á jarðhæð.

Birt með fyrirvara um breytingar.

### Brúðubíllinn á Björtum dögum 2012



## Mælikvarðar Bókasafns Hafnarfjarðar fyrir árið 2013



	Markmið	Mælikvarðar	Rauntölur 2010	Rauntölur 2011	Markmið 2013	Leiðir (hvernig)
<b>Þjónusta</b>	Aukin og betri þjónusta, ánægðir bæjarbúar	Hlutfall viðskiptavina sem eru ánægðir með þjónustuna	90%	90%	= > 93 %	Þjónustuvitund aukin, fækka mistökum
	Fjölgun viðskiptavina og aukin útlán	Fjöldi útlána úr Gegni og Bókveri	275.943	274.238	275.000	Veita almenningi aðgang að fjölbreyttum safnkosti og upplýsingum. Liprari þjónusta, markviss innkaup. Fjölbreytni í innkaupum, sumarlestur barna
		Þar af fjöldi útlána á barnabókum	34.548	34.107	35.000	
		Notkun safnkosti á bókasafni s.s. blaða- og tímaritalestur í setustofu (ekki útlán)	42.318	43.884	45.000	
	Ljósritaðar greinar úr safnkosti eða interneti	2.556	2201	2.556		
Menningar og menntastofnun með jákvæða ímynd	Skóla- og leikskólaheimsóknir, fjöldi kynninga	102	91	100	Markviss samvinna við grunn- og leikskóla Hafnarfjarðar	
<b>Fjármál</b>	Rekstur innan setts ramma	Frávik frá fjárhagsáætlun.	276.295,- rekstrarafgangur	841.486- rekstrarafgangur	0%	Reglulegt kostnaðareftirlit, hagsýni í rekstri. Hluti af yfirvinnu tekin út í frí
	Hagsýni í rekstri og aukið sjálfsaflafé	Fleiri aðföng, aukið fé til innkaupa safngagna	5,5% tekjuaukning	7% tekjuaukning	5% umframtekjur	Skilvirkari innheimta og bætur fyrir glötuð safngögn
<b>Ferli</b>	Markvissar starfsáætlanir	Gæði og uppbygging starfsáætlana	A=95%	A=95%	= > 95 %	Árlegt mat starfsáætlana
	Stöðugar umbætur	Hlutfall verkefna sem lokið er	= > 90 %	= > 90 %	= > 95 %	Verkefni skilgreind, hagræðing milli deilda
	Virkar boðleiðir - Innranet	Innranet uppfært daglega	100%	100%	100%	Verkferlar skilgreindir, markvissari vinnubrögð
<b>Mannauður</b>	Markviss sámenntun og starfsþróun	% starfsfólks með 100% virka sámenntunaráætlun	= > 100 %	= > 100 %	= > 100 %	Eftirfylgni með sámenntunaráætlun, áætlun skráð
	Starfsmannasamtöl	Starfsfólk sem fer í starfsmannasamtal (fastráðnir)	100%	100%	100%	Stuðningur og hvatning stjórnenda
	Starfsmannafundir	Mæting á starfsmannafundi	= > 95 %	= > 95 %	= > 95 %	Markvissir fundir, auglýstir með góðum fyrirvara
	Starfshvatning og starfsánægja	Hlutfall ánægðra með starf sitt	= > 95 %	= > 95 %	= > 95 %	Nýta þekkingarstjórnun, einstaklingsmiðuð verkefni

## Tímaáætlun verkefna Bókasafns Hafnarfjarðar 2013

sept. 2012

	Jan.	Feb.	Mars	Apr.	Mai	Júní	Júlí	Ág.	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Jan.	Feb.	Fjöldi
	2013	2013	2013	2013	2013	2013	2013	2013	2013	2013	2013	2013	2014	2014	klst.
<b>Helstu verkefni utan hefðbundinna starfa</b>															
1. Tónlistarskráning, hljómplötur og bækur. Frumskrá og prófarkarlesa skráningu í Gegni.															1.500
2. Flokka og skrá áttthagadeild bókasafnsins í Gegni.															200
3. Forðatengja tímarit bókasafnsins í Gegni.															500
4. Þrifa og fínraða í öllum hillum á þeim svæðum sem öllum er opinn.															95
5. Heimasíða safnsins. Gera hana meira lífandi og þróa í takt við tækninýjungar.															100
6. Viðhalda Innraneti bókasafnsins sem var uppfært 2010.															100
7. Starfsmannasamtöl a. m. k. eitt á ári. Auk þess eftir þörfum.															50
8. Símenntun / starfsþróun starfsfólks. Framsækinni starfsmannastefnu viðhaldið.															500
9. Flokkun og skráning nýra safngagna grunn- og leikskólasafna, skólaskrifstofu o.fl. í Gegni															200
10. Úrvinnsla bóka (flokkun og skráning) úr dánarbúi Guðjóns Sigurðssonar.															150
															<b>3.395</b>

### Samningsmarkmið

Afbragðs þjónusta

Starfsmenn efla sjálfa sig í starfi, leitist stöðugt við að gera betur, og veri ávallt í fremstu röð

Styðji við framtíðarsýn, stefnu og megináherslur Bókasafns Hafnarfjarðar og menningarstefnu Hafnarfjarðar

Festa í sessi árangursríkar stjórnunaraðferðir

Auka sjálfstæði og ábyrgð starfsmanna í rekstri og innra starfi

Efla metnað og vilja starfsmanna að ná árangri og gera hann sýnilegan

Grunnur að markvissari samskiptum, áætlanagerð og mati á árangri á starfsemi Bókasafns Hafnarfjarðar

Starfsmenn meðvitaðir um sameiginlega ábyrgð gagnvart bæjarstjórn við að ná fram

tilgangi og einstökum markmiðum samningsins

## Unnið af árangursstjórnunarteymi Bókasafns Hafnarfjarðar

Anna Sigríður Einarsdóttir  
Forstöðumaður Bókasafns Hafnarfjarðar  
skráningar

Árný Sveina Þórólfsdóttir  
Deildarstjóri flokkunar og

Áslaug Þorfinnsdóttir  
Deildarstjóri afgreiðslu og innkaupa

Hönnun forsíðu  
Guðbjörg Harðardóttir  
bókasafnstæknir

# ***Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar- starfsáætlun 2014***

## **Tilgangur**

Hlutverk Hafnarborgar, menningar- og listasmiðstöðvar Hafnarfjarðar er að standa fyrir öflugu og metnaðarfullu menningarstarfi og stuðla þannig að fjölbreyttu mannlífi. Hafnarborg varðveitir listaverkæign Hafnarfjarðarbæjar og stendur fyrir rannsóknum og sýningum á henni þannig að bæjarbúar fái notið og verkin verði sýnilegur hluti íslenskrar menningar og listasögu. Ennfremur rekur Hafnarborg alþjóðlega gestavinnustofu.

Hafnarborg starfar samkvæmt stofnskrá og í samræmi við menningarstefnu Hafnarfjarðarbæjar, safnalög og siðareglur Alþjóðaráðs safna.

## **Meginmarkmið**

Gæði og áræðni einkenni dagskrá Hafnarborgar sem verði öflugt innlegg í jákvæða mynd Hafnarfjarðarkaupstaðar og sjálfsmynd bæjarbúa.

Sýningar og listviðburðir endurspegli gerjun samtímans og kynni það sem markverðast er hverju sinni.

Listviðburðir séu vel kynntir og heimsókn í Hafnarborg sé hluti af daglegu lífi bæjarbúa sem njóta þar fræðslu, skemmtunar og áhugaverðrar upplifunar af listum.

Markviss safnfræðsla nái til nemenda á öllum skólastigum og heimsókn í Hafnarborg sé eftirsóknarverður valkostur sem styrkir framþróun í skólastarfi.

Öflugt samstarf við listamenn, söfn og aðrar menningarstofnanir innanlands og utan.

## **Helstu verkefni 2014**

### **Myndlistarsýningar**

Haldnar verða 10 sýningar á 8 sýningartímabilum. Leitast er við að vanda til sýninga sérstaklega með það í huga að þær standi undir löngum sýningartíma og hafi uppá mikið að bjóða í miðlun þannig að ólíkir hópar fái notið. Sýningar ársins verða fjölbreyttar - einkasýningar, þemasýningar, sýning á norrænni hönnun og sýning sem sækir efni í íslenska listasögu en á árinu verður sérstök áhersla á sýningar sem varpa ljósi á safneign Hafnarborgar. Gefin verður út bók um fjölbreyttan ferli Eiríks Smith og er hún lokahnykkurinn á rannsókn sem staðið hefur undanfarin sex ár. Við val sýninga er það haft að leiðarljósi að höfða til fjölbreyttra hópa og treysta Hafnarborg í sessi sem áhugaverðan viðkomustað fyrir bæjarbúa og mikilvægan vettvang lista hér á landi.

### **Tónleikar**

Eins og undanfarin ár er gert ráð fyrir fernum tónleikum í tónleikaröð Hafnarborgar sem ber yfirskriftina HljóðÖn. Lögð er sérstök áhersla á flutning nútímatónlistar þar sem sérstaða Hafnarborgar sem tónleikasalar fær notið sín. Tónleikar í hádegistónleikaröð verða átta. Ýmsir aðrir tónlistaviðburðir í samstarfi við tónlistarmenn og aðra.

### **Aðrir viðburðir**

Fyrirlestrar og málþing í tengslum við sýningar safnsins. Mikil áhersla er lögð á að bjóða upp á samtal gesta við listamenn og sýningarstjóra og stuðla þannig að áhugaverðari upplifun af sýningum. Stefnt er að

Því að listsmiðjur og leiðsagnir fyrir börn séu reglulegir viðburðir á öllum sýningum. Á árinu 2014 er ráðgert að efna til skapandi námskeiða fyrir börn og fullorðna. Sérstakir viðburðir á safnanótt og Björtum dögum.

### Safneign

Unnið er að skráningu safneignarinnar í Sarp í kjölfar þess að hrun varð í gagnagrunni á árinu 2011 og mikill hluti þess sem unnið var á árunum þar á undan glataðist. Ákveðið var að leggja áherslu á að Hafnarborg verði hluti af Sarp eins og flest önnur listasöfn í landinu. Um er að ræða miðlægt skráningarkerfi allra safna sem gert var aðgengilegt fyrir almenning snemma á árinu 2013. Sérstakt sýningarverkefni mun kynna skráninguna fyrir almenningi. Viðamiklu starfi við þann hluta safnkostsins sem eru verk Eiríks Smith verður lokið í nóvember með sýningu og útgáfu bókar um listamanninn. Í kjölfar bilunar í öryggisbúnaði og úttektar á geymslum safnsins verða gerðar nauðsynlegar lagfæringar og nýting geymslurýma endurskipulögð. Þannig að geymslur fái betur staðist kröfur sem gerðar eru til safna. Áram verður unnið að lagfæringu og forvörslu útilistaverka samkvæmt forgangsroðun sem byggð er á úttekt sem unnin var 2009.

### Nýjungar

Á árinu verði unnið að bættri aðstöðu fyrir börn og fjölskyldur m.a. með því að taka í notkun rými sérstaklega hugsað fyrir listsmiðjur og annað fræðslustarf fyrir gesti safnsins. Skapandi námskeið fyrir almenning. Á árinu er ráðgert að huga sérstaklega að markaðssetningu fyrir erlenda ferðamenn.

<b>Hafnarborg</b>				
Lykiltölur				
	<b>2011</b>	<b>2012</b>	<b>2013</b>	<b>2014</b>
Safngestir	54.500	56.000	64.400	65.000
Fjöldi nemenda með leiðsögn	3100	2500	2800	3000
Fjöldi gesta í öðrum hópum	200	200	120	500
Fyrirlestrar og leiðsagnir	30	27	49	25
Viðburðir skipulagðir sérstaklega fyrir börn og fjölskyldur	10	10	8	15
Myndlistarsýningar	12	12	12	12
Tónleikar	21	17	18	20
Skráð verk í safneign	1328	1333	1336	1400
Fjöldi verka í stofnunum Hafnarfjarðarbæjar	128	165	187	187